



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 132/2084
komudagur 4.S. 2006

Nefndarsvið Alþingis
b.t. heilbrigðis- og trygginganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2006

Efni: Svar við umsagnarbeiðni vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um tannlækningar.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf, dags. 30. mars sl., frá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis þar sem óskað var eftir að Samkeppniseftirlitið veitti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tannlækningar nr. 38/1985 ásamt síðari breytingum. Samkeppniseftirlitið telur að ákvæði frumvarpsins gefi tilefni til eftirfarandi athugasemda.

Með frumvarpinu, er lagt til að að tannlæknum verði skylt að auglýsa gjaldskrá sína árlega sem og breytingar á henni, jafnóðum og þær eru gerðar. Þá ber þeim að senda Tryggingastofnun ríkisins gjaldskrána ásamt breytingum. Ennfremur er tannlæknum skylt að hafa gjaldskrána sýnilega sjúklingum á biðstofu. Nánari upplýsingar um aðgengi að upplýsingum um gjaldskrár, birtingu gjaldskrár og takmörkun auglýsingaskyldu við algengustu liði gjaldskrár skal koma fram í reglugerð ráðherra.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmið þess sé að gera neytendum kleift að afla sér upplýsingar um gjaldskrár tannlækna. Jafnframt er lagt til að ráðherra verði heimilað að takmarka auglýsingaskylduna við algengustu liði gjaldskrár í stað þess að auglýsa alla liði hennar þar sem kostnaður við slíkar auglýsingar gæti reynst óhóflegur og íþyngjandi. Einnig kemur fram í greinargerðinni að Samkeppnisstofnun hafi gefið út reglur nr. 446/2004 um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna. Markmið þeirra reglna sé að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð. Í 2. gr. reglnanna komi m.a. fram að gjaldskrá sem sýni verð á öllum aðgerðaliðum sem framkvæmdir séu hjá tannlækni skuli liggja frammi á tannlæknastofu. Jafnframt sé tannlækni skylt að hafa útdrátt úr gjaldskrá á




SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

áberandi stað á biðstofu sinni. Í gjaldskrá og útdrætti skulu koma fram dagsetning sem sýni gildisstöku. Í 4. gr. reglnanna er síðan listi um þá aðgerðarliði sem fram skulu koma í útdrætti úr gjaldskrá en þar um að ræða 17 aðgerðarliði.

Samkvæmt framangreindu virðist markmið fyrirliggjandi frumvarps og reglna Samkeppnisstofnunar nr. 446/2004 það sama, þ.e. að stuðla að gagnsæi markaðarins fyrir tannlæknþjónustu og auðvelda neytendum að gera verðsamanburð. Samkeppniseftirlitið vill hins vegar benda á að meta þarf hugsanleg áhrif af lögbundnu gagnsæi í verðlagningu, af því tagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir, m.a. hvort sú kvöð sem fram kemur í frumvarpinu um að tannlæknar auglýsi gjaldskrár sínar og breytingar á þeim opinberlega, geti leitt til þess að tannlæknar fari í ríkara mæli að samræma gjaldskrár sínar, þvert á markmið frumvarpsins og samkeppnislaga. Þá vill Samkeppniseftirlitið vekja athygli á að í 19. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins kemur m.a. fram að í því skyni að upplýsa neytendur og efla verðskyn þeirra afli Neytendastofa upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birti niðurstöður eftir því sem ástæða þyki til. Ljóst er að þjónusta tannlækna heyrir undir þetta ákvæði.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið



Páll Gunnar Pálsson